

Lög

Nr. 10.

8. sept.

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða
verðlag á vörum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að láta ákveða verðlag á innlendri
og útlendri nauðsynjavöru og öðrum vörum, og í því skyni skipa nefnd til þessa.
Ákvæðum hennar má þó skjóta til Stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Nánari reglur um starfsvið nefndarinnar og önnur atriði til framkvæmdar
þessara laga setur Stjórnarráðið með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 8. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.